um aukna fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, til þess að kanna, hversu bezt verði komið við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum, svo sem um ýmsa þætti þjóðskipulags-, efnahags-, félags- og verkalýðsmála.

Nefndin athugi, hvort námskeiðum um þessi efni verði komið við á vegum Háskóla Íslands.

Nefndin kýs sér formann.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir, að skipuð verði nefnd þriggja manna, tilnefndra af Háskóla Íslands og tveim fjölmennustu stéttarsamtökum landsins, til þess að athuga, hvernig bezt megi koma við aukinni fræðslu fyrir almenning í þjóðfélags- og þjóðhagsfræðum, svo sem um ýmsa þætti þjóðskipulags-, félags-, verkalýðs- og efnahagsmála. Er gert ráð fyrir, að nefndin athugi sérstaklega, hvort námskeiðum um þessi efni verði komið við á vegum Háskóla Íslands.

Auðsætt er, að í lýðræðisþjóðfélagi er almenningi mikil nauðsyn á óhlutdrægri fræðslu um þessi efni. Þar er valdið endanlega í höndum þeirra þjóðfélagsborgara, er kosningarrétt hafa. Í okkar þjóðfélagi eru og stéttarsamtökin mjög valdamikil. Öllum almenningi eru þannig fengin mikil völd í hendur. Því valdi fylgir mikil ábyrgð. Þekking á grundvallaratriðum þjóðskipulags og efnahagskerfis er því í raunninni undirstaða þess, að valdi þessu verði skynsamlega beitt. Almenningi er því hin mesta nauðsyn á aukinni fræðslu um þessi efni. Um það verður ekki deilt. Hitt er álitamál, hversu þeirri fræðslu verði bezt fyrir komið.

Þjóðfélagið eignast því betri og þroskaðri þegna, því betur sem það býr að fræðslu þeirra og þekkingu, sérstaklega í þeim efnum, er hér ræðir um. Samtök almennings, t. d. verkalýðsfélög, eignast og því betri málsvara sem þekking þeirra og þegnskapur við þjóðfélagið er meiri. Margur alþýðumaður, sem sökum eðlisgreindar og mannkosta velst til forustu meðal samherja sinna, hefur fundið þörfina fyrir meiri fræðslu og þráir það heitast að geta svalað menntaþorsta sínum og þannig gert sig hæfari til að gegna forustuhlutverki fyrir samherja sína.

En fulltíða maður, sem þarf að vinna fyrir lífi sínu og sinna, hefur ekki tíma aflögu til skólagöngu og á ekki heldur samleið með nemendum hins almenna skólakerfis. Þetta hafa alþýðusamtök flestra landa komið auga á. Þess vegna er það algengt, að t. d. verkalýðshreyfingin og samvinnuhreyfingin gangast fyrir fræðslustarfsemi fyrir forustumenn hreyfinganna og almenning um félags- og efnahagsmál. Hugsanlegt er, að settir verði á stofn sérstakir kvöldskólar í þessu skyni. Hugsanlegt væri og auðvitað að styrkja alþýðusamtök til slíks skólahalds. Sjálfsagt virðist að taka upp eða auka kennslu í þessum fræðum í almennum unglinga- og gagnfræðaskólum. Flutningsmönnum þessarar tillögu virðist og athugandi, hvort ekki geti komið til greina kvöldnámskeið á vegum Háskóla Íslands í ýmsum þáttum þjóðskipulags-, félags-, efnahags- og verkalýðsmála.

Mál þetta þarf að sjálfsögðu að athuga rækilega. Þykir því flutningsmönnum eðlilegt, að skipuð sé nefnd manna samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands og stærstu stéttarsamtaka landsins til þess að vinna að athugun og undirbúningi þess.